

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 7. janúar 2004 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 20⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Málafni Skagstrendings hf.

Oddviti greindi frá því að hann ásamt sveitarstjóra hafi átt fund með fulltrúum Landsbankans og Burðaráss um fyrirhugaða sölu á Skagstrendingi hf út úr sjávarútvegsfyrirtækinu Brim hf. Fundurinn var haldinn í Reykjavík 6. jan. sl. Oddviti greindi frá því að allmargir hefðu óskað eftir eða verið boðið að taka upp umræður við Landsbankann um kaup á sjávarútvegsfyrirtækjum Brims hf. og að fyrirtækinu hafi verið skipt upp í þrjár deildir sem séu til sölu hver fyrir sig eða allar í einu. Hreppsnefnd ræddi stöðu málsins og fór yfir þær forsendur sem þekktar eru um það. Miklar umræður urðu um málið. Oddviti og sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu og leggja hugmyndir um það fyrir hreppsnefnd.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 22²⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)